

HALLDÓR RAGNARSSON

HREINT EKKI NEITT

03 FEB - 02. MARS



PORTFOLIO GALLERÍ

HALLDÓR RAGNARSSON




HREINT EKKI NEITT



Er hægt að búa til ekkert úr einhverju? Er hægt að búa til eitthvað sem á að vera einfaldlega ekki neitt? Er einhverja merkingu að finna í þessu engu eða er kannski strax komin merking í hlutina með því að gera þessu engu eða tóminu hátt undir höfði? Finnur maður til að mynda einhverja merkingu í gegnum eitthvað sem á að fjalla um ekki neitt? Hvað er þar að finna, ef eitthvað? Ekkert hlýtur þó að vera andstæða einhvers? Í þessu tómi ætti þá að vera hægt að bera eitthvað við þetta ekkert? Eða hvað?

Á sýningunni Hreint ekki neitt er Halldór Ragnarsson að glíma við þessar spurningar hér að ofan. Með sinni sértæku sýn á hlutina er listamaðurinn að vinna með existensjálíska texta sem fjalla að mestu um tómið á einhvern máta. Öll verkin eiga það sameiginlegt að fara ekki út fyrir ramma sinn og í raun og veru hafa þann eina tilgang að vísa í ekkert (nema kannski sjálf sig?). Í sem stysta máli er Halldór að spyrja sig kannski fyrst og fremst spurningar um tilvistina; Hvað er að vera? Hvað er að skynja? Hvað er að finna? Eins og Halldór nefnir sjálfur „kannski eftir allt eru mörg af okkar svörum að finna í tóminu einmitt út af þessu endalaus og ómerkilega upplýsingaflæði sem valtar yfir okkur alla daga sem oft á tíðum er einfaldlega hlaðið merkingar- og tilgangsleysi. Hvernig væri frekar að staldra aðeins við og skoða þetta ekkert frekar og sjá kannski vonarglætu og merkingu með því að vinna sig út frá tóminu sem kannski lífið er eftir allt saman?“.

Halldór Ragnarsson (f. 1981) lauk B.A. gráðu (2007) og M.A. gráðu (2014) frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands eftir að hafa numið heimspeki og kennslufræði áður við Háskóla Íslands. Halldór á 13 einkasýningar að baki ásamt því að hafa tekið þátt í fjölda samsýninga; bæði hér og erlendis. Einnig má nefna að Halldór gaf út ljósmynda- og ferðabókina Leit að lífi árið 2018 sem er að miklu leyti byggð á dagbók hans á 3 mánaða ferðalagi listamannsins í suður Karíbahafi.



Hreint ekki neitt, akríl og grafit á striga, 180 cm x 230 cm, 2023



Það vantar eitthvað hérna, akríl og grafit á striga og við, 133 cm x 145 cm, 2023



Volvox, akríl, enamel og grafit á striga, 120 cm x 150 cm, 2023



Á bara ekki orð, akríl og blek á linen, 110 cm x 90 cm, 2023



Mhmmm, akríl og enamel á við, 123 cm x 85 cm, 2023

Hættu þessu,
akríl og íblöndunarefni á pappa,
28 cm x 58 cm, 2023





Ekki hlusta, blandaðir miðlar á við, 15 x 15 x 164 cm, 2024



Ekki horfa, blandaðir miðlar á við, 17 x 16 x 158 cm, 2024



Ekki lykta, blandaðir miðlar á við, 15 x 15 x 164 cm, 2024



Ekki snerta, blandaðir miðlar á við, 14 x 14 x 154 cm, 2024



VERÐSKRÁ

Hreint ekki neitt	1.100.000.-
Volvox	730.000.-
Það vantar eitthvað hérna	770.000.-
Á bara ekki orð	510.000.-
Mhmmm	540.000.-
Hættu þessu	195.000.-
Ekki hlusta	290.000.-
Ekki horfa	290.000.-
Ekki lykta	290.000.-
Ekki snerta	290.000.-
Prentverk	125.000.- stykkið

- 1) ÚR ÖLLU ER EKKERT KOMIÐ
- 2) Í UPPHAFI VAR EKKERT
- 3) ENDURTAKTU ÞETTA EKKI TAKK FYRIR
- 4) EKKERT Í ÞESSARI ENDURTEKNINGU
- 5) ALLTAF EITTHVAÐ EKKERT
- 6) EKKERT ER FULLREYNT NEMA AÐ HALDA ÁFRAM AÐ EILÍFU
- 7) ÉG ALLAVEGA VEIT AÐ ÉG VITI EKKERT
- 8) ENGU AÐ SÍÐUR ER EKKERT HÉR AÐ FINNA
- 9) ÞARF ALLTAF AÐ VERA EKKERT
- 10) ÉG HEF ALDREI FARIÐ Á TÚR
- 11) AÐ VERA EÐA VERA EKKERT
- 12) EKKERT ER MÖGULEGT

blandaðir miðlar á pappír, 40 cm x 30 cm (hvert sirka) 2024



PORTFOLIO
GALLERÍ

HVERFISGATA 71 101 REYKJAVÍK GALLERÍ@PORTFOLIO.IS WWW.PORTFOLIO.IS